



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Starfsemi á árinu 2006

EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK

Í milljónum króna

	2006	2005
Innlend skuldabréf	68.804	64.564
Sjóðfélagalán	28.642	24.376
Innlend hlutabréf	56.366	41.921
Erlend verðbréf	82.111	56.101
Verðbréf samtals	235.923	186.962
Bankainnistæður	1.566	3.504
Eignarhluti í Húsi verslunarinnar	294	298
Rekstrarfjármunir og aðrar eignir	56	65
Skammtímakröfur	2.761	1.151
Skammtímaskuldir	-251	-1.008
Hrein eign sameignardeild	234.770	186.848
Hrein eign séreignardeild	5.579	4.124
Samtals hrein eign	240.349	190.972

BREYTINGAR Á HREINNI EIGN

Í milljónum króna


	2006	2005
Iðgjöld	12.804	10.969
Lífeyrir	-3.503	-2.967
Fjárfestingartekjur	40.395	32.552
Fjárfestingargjöld	-197	-177
Rekstrarkostnaður	-187	-164
Aðrar tekjur	65	57
Hækkun á hreinni eign á árinu	49.377	40.270
Hrein eign frá fyrra ári	190.972	150.702
Hrein eign til greiðslu lífeyris	240.349	190.972

KENNITÖLUR

	2006	2005
Raunávöxtun	12,7%	16,1%
Hrein raunávöxtun	12,7%	16,1%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	9,8%	7,0%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	7,8%	7,3%
Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum	1,00%	1,02%
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,06%	0,06%
Lífeyrir í % af iðgjöldum	28,1%	28,1%
Greiðandi sjóðfélagar	49.991	47.658
Lífeyrisþegar	7.573	7.250
Greiðandi fyrirtæki	7.007	6.781
Stöðugildi	27,1	27,5

EIGNIR 240 MILLJARÐAR

Eignir sjóðsins námu 240,3 milljörðum í árslok og hækkuðu um 49,3 milljarða á árinu eða um 26%. Á árinu 2006 greiddi 49.991 sjóðfélagi til sjóðsins og námu iðgjaldagreiðslur alls 12.804 mkr. Þá greiddu 7.007 fyrirtæki til sjóðsins vegna starfsmanna sinna.



ÁVÖXTUN 20,6%

Ávöxtun á árinu 2006 var 20,6% sem samsvarar 12,7% raunávöxtun sem er annað besta rekstrarár í sögu sjóðsins. Allir eignaflokkar sýndu góða ávöxtun en þó var ávöxtun erlendra verðbréfasafnsins best á árinu sem helgast af hækkingu erlendra hlutabréfamarkaða auk lækkunar íslensku krónunnar. Árleg raunávöxtun innlendu hlutabréfaeignarinnar síðustu 27 árin er 20,7%.

HÆKKUN RÉTTINDA UM 7% EÐA 11,8 MILLJARÐA

Með tilliti til góðrar ávöxtunar og tryggrar stöðu sjóðsins hefur stjórn hans ákveðið að leggja til við aðildarsamtök sjóðsins að áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga og greiðslur til lífeyrisþega verði hækkaðar um 7% frá 1. janúar 2007. Það samsvarar 11,8 milljarða hækkun réttinda sjóðfélaga. Á síðustu 10 árum hefur tekist að bæta lífeyrisréttindin og lífeyrisgreiðslur um 21,1% til viðbótar almennum verðlagsbreytingum.

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA


Tryggingafræðileg úttekt sem miðast við árslok 2006 sýnir að eignir nema 7,9% umfram skuldbindingar. Eignir umfram áfallnar skuldbindingar nema 31,8%.

LÍFEYRISGREIÐSLUR

Á árinu 2006 nutu 7.682 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslna að fjárhæð 3.503 milljónir samanborið við 2.967 milljónir árið áður, en það er hækking um 18%. Lífeyrisgreiðslurnar eru verðtryggðar og taka mánaðarlega breytingum vísitölu neysluverðs.

SÉREIGNARDEILD


Séreignardeildin hefur starfað í 8 ár. Inneignir sjóðfélaga séreignardeildar í árslok 2006 námu 5.579 mkr. sem er hækking um 35% frá fyrra ári. Ávöxtun nam 20,6% sem samsvarar 12,7% raunávöxtun. Alls áttu 39.842 einstaklingar inneignir í árslok.



VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI

Ráðstöfunarfé á árinu 2006 var 57.463 mkr. og nemur aukningin 26% frá fyrra ári. Innlend hlutabréfakaup námu 27.870 mkr. og sala hlutabréfa 21.012 mkr. Kaup á skuldabréfum námu 20.717 mkr. og sala skuldabréfa 8.943 mkr. Erlend verðbréfakaup námu 10.797 mkr.

Skipting verðbréfaeignar 2006



ÁRSFUNDUR

Ársfundur sjóðsins verður haldinn mánudaginn 16. apríl nk. kl. 17 í Hvammi á Grand Hótel. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.

STJÓRN

Víglundur Þorsteinsson, formaður
Gunnar P. Pálsson, varaformaður
Benedikt Kristjánsson
Benedikt Vilhjálmsson
Birgir R. Jónsson
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir
Tryggvi Jónsson

Forstjóri er Þorgeir Eyjólfsson



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Sími: 580 4000 | Myndsending: 580 4099 | skrifstofa@live.is | www.live.is